

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 381/1992.

Hjalti Hauksson

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Granda hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1992. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.000.000 króna með nánar tilgreindum vöxtum frá 1. mars 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 2. febrúar 1995.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar. Áfrýjandi krafðist málskostnaðar í þessum þætti málsins, en stefndi ekki.

Mál þetta var fyrst tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 21. apríl 1992. Það var endurupptekið 1. september sama ár, og var þá eftirfarandi bókað: „Af hálfu stefnanda sækir þing Guðni Á. Haraldsson hrl. Stefndandi er sjálfur mættur. Skipaður talsmaður hans Elínborg Björnsdóttir cand juris. Málið er endurupptekið. Aðilum er gefinn kostur á endurflutningi. Málið er dómtekið að nýju og á það lagður svohljóðandi dómur: . . .“ Í héraðsdómi er sagt, að dráttur á dómsuppsögu eftir aðalflutning hafi orðið „af ástæðum er varða umfang málsins, annir dómsformanns, aðskilnað dómsvalds og umboðsstjórnar og réttarhlé“.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án málflutnings að nýju, er fjórir mánuðir og tíu dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Lögmaður stefnda var þá ekki viðstaddur, en af hálfu

hans eru ekki bornar brigður á það, að hann hafi verið boðaður til þinghaldsins 1. september 1992. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð og óhæfilegi dráttur á dómsuppsögu er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en munnlegur málflutningur getur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda, Guðna Á. Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
